

Hafnarfirði, 3. desember 2020

## Erindisbréf

### Starfshópur um endurskoðun húsnæðisstefnu Hafnarfjarðarkaupstaðar

Á fundi fjölskylduráðs þann 25. september 2020 var samþykkt að stofna vinnuhóp til að endurskoða og fara yfir húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Ákvörðunin er í samræmi við bókun starfshóps sem fékk það hlutverk að leggja lokahönd á húsnæðisstefnuna en þar segir „...starfshópurinn er sammála um nauðsyn þess að skipa vinnuhóp sem hittist eigi sjaldnar en tvisvar á ári með það að markmiði að endurskoða og fara yfir húsnæðisáætlun.“

#### Hlutverk

Meginverkefni vinnuhópsins er að uppfæra, endurskoða og yfirfara húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Vinnuhópurinn skal fara yfir helstu áherslur í áætluninni, endurmeta þörfina í ljósi samfélagsþróunar og þróunar húsnæðismarkaðarins. Áætlunin skal uppfærð með tilliti til breytinga og þróunar sem orðið hafa á forsendum hennar. Vinnuhópurinn skal einnig kynna sér nýjar áherslur og lagasetningu í húsnæðismálum.

#### Skipulag

Vinnuhópurinn skal skila niðurstöðum eigi síðar en 1.júní 2021. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Miðað er við að hópurinn haldi 10 fundi og skal skrá í fundargerðir þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundargerðir skal senda fjölskylduráði til kynningar og eftir atvikum viðeigandi notendaráðum.

Leitað skal samráðs við notendur og aðra hagsmunaaðila.

#### Skipan

Fjölskylduráð hefur skipað eftirtalda aðila í starfshópinn:

Fulltrúar meirihluta

- Valdimar Víðisson frá Framsóknarflokki
- Lovísa Traustadóttir frá Sjálfstæðisflokki
- Skarphéðinn Orri Björnsson frá Sjálfstæðisflokki

Fulltrúar minnihluta:

- Friðþjófur Helgi Karlsson frá Samfylkingu
- Arnheiður Ásdís Kolbeins frá Miðflokknum.

Starfsmaður starfshópsins er sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Erindisbréfið er tekið fyrir og samþykkt á fundi fjölskylduráðs þann 4.des. 2020